

Lífeyrissjóður bænda
b.t. framkvæmdastjóra
Stórhöfða 23
110 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2018
Tilvísun: 2018010007

Efni: Álit Fjármálaeftirlitsins á ákvæðum um ævilangan makalífeyri í núverandi lögum um Lífeyrissjóð bænda nr. 12/1999

Fjármálaeftirlitið vísar til erindis Lífeyrissjóðs bænda, dags. 23. apríl 2018, sem og annarra samskipta vegna málsins. Í erindinu er óskað eftir afstöðu stofnunarinnar til þess hvort að Alþingi hafa með setningu 4. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda, þar sem kveðið var á um ævilöng lífeyrisréttindi maka vegna stiga sem áunnin hafa verið til ársloka 1983 án framreiknings, brotið á rétti þeirra sem greitt hafa í Lífeyrissjóð bænda með því að auka skuldbindingar sjóðsins til tiltekins hóps án þess að til hafi komið fjárframlag í sjóðinn. Þá er í erindinu einnig óskað eftir afstöðu stofnunarinnar til þess hvort lífeyrissjóðnum verði heimilt án lagastoðar að greiða makalífeyri sem nú er kveðið á um í 6. gr. laga nr. 12/1999, um lífeyrissjóð bænda og gr. 14.6. í samþykktum sjóðsins.

Varðandi afstöðu stofnunarinnar til þess hvort Alþingi hafi við setningu laga nr. 50/1984 brotið á rétti þeirra sem greitt hafa í Lífeyrissjóð bænda með því að auka skuldbindingar sjóðsins til tiltekins hóps án þess að til þess hafi komið fjárframlag í sjóðinn telur Fjármálaeftirlitið það ekki samræmast hlutverki stofnunarinnar að taka afstöðu til þess.

Fjármálaeftirlitið telur þó rétt að vekja athygli á því að 6. gr. laga nr. 12/1999 og 4. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1984 hafa eingöngu snúið að áunnum réttindum sjóðfélaga og maka þeirra sem aflað var í samræmi við 11. gr. laga nr. 101/1970, um lífeyrissjóð bænda. Í 11. gr. þágildandi laga nr. 101/1970 var kveðið á um ævilangan lífeyri til handa maka sjóðfélaga að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þannig virðist Fjármálaeftirlitinu sem að um misskilning sé að ræða af hálfu Lífeyrissjóðs bænda að ekki hafi komið til fjárframlag í sjóðinn til að mæta þessu.

Varðandi afstöðu stofnunarinnar til þess hvort að lífeyrissjóðnum sé heimilt án lagastoðar að greiða umræddan makalífeyri til handa sjóðfélögum telur Fjármálaeftirlitið að lífeyrissjóðnum sé heimilt að greiða umræddan makalífeyri án lagastoðar. Umræddur makalífeyrir er áunninn réttur sjóðfélaga til handa maka í samræmi við 11. gr. laga nr. 101/1970 og ekki eru forsendur til þess að skerða þann tiltekna áunna lífeyri umfram annan áunnin lífeyri sjóðfélaga að mati Fjármálaeftirlitsins.



Athygli er vakin á því að afrit af bréfi þessu verður sent til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Virðingarfyllst,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Björk Sigurgísladóttir
Björk Sigurgísladóttir

Gunnar Þór Ásgeirsson
Gunnar Þór Ásgeirsson